

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>

Þessi bæklingur er í röð bæklinga sem Ljósmeðrafélag Íslands gefur út á vef félagsins [www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

Höfundur þessa bæklingis er Valgerður Lína Sigurðadóttir, ljósmóðir.

Útgáfuár 2010

Myndir Shutterstock.com

### Helstu heimildir

Alfirevic, Z., Devane, D., Gyte, G.M.L. (2006) *Continuous cardiotocography (CTG) as a form of electronic fetal monitoring (EFM) for fetal assessment during labour*. Cochrane Database of Systematic Reviews, 3.

NICE Clinical guideline 55 (2007). Intrapartum care: Care of healthy women and their babies during childbirth.



Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími 564-6099  
[www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>



# Mat á líðan barns í fæðingu Hlustun hjartsláttar



### SIRITUN (MONITOR)

Með siritun er átt við að fylgst sé stöðugt með hjartslætti barnsins og hríðamynstri með tæki sem kallast síriti. Síritann er hægt að nota stöðugt eða tímabundið, allt eftir þörfum. Frá síritanum er hægt að fá útprentun á hjartslættinum þar sem hægt er að meta hjartsláttarmynstur og hraða. Hríðarmynstur þitt kemur einnig fram á þessu blaði og þá er hægt að meta hjartslátt barnsins í tengslum við hríðarnar. Framkvæmd við siritun er þannig að settar eru tvær teygjur um kviðinn, síðan eru settir tveir nemar undir teygjurnar og þeir tengdir við síritann. Ef þörf er á meiri nákvæmni við að fylgjast með hjartslætti barnsins þá er hægt að tengja mjóa snúru við húð á höfði barnsins (elektróða). Snúran er sett inn um leggöngin og þarf að rjúfa gat á belgina til þess.

Notkun sírita getur haft áhrif á valkosti til verkjameðferðar í fæðingu (t.d. notkun vatns og TNS) og getur dregið úr möguleikum þínum til að vera á hreyfingu. Sums staðar eru til þráðlausir síritar sem hefta þá ekki hreyfigetu þína. Einnig eru til síritar sem eru vatnsheldir þannig að þú getir verið í baði meðan á fæðingu stendur. Þú getur fengið nánari upplýsingar í meðgönguvernd um hvaða möguleikar eru fyrir hendi á þeim fæðingarstað sem þú velur að fæða á.

**HREYFINGAR BARNIS** eru mikilvæg skilaboð um líðan.

Minnkaðar hreyfingar geta bent til þess að barnið hafi það ekki nógu gott á meðan góðar hreyfingar gefa skilaboð um góða líðan. Hjartsláttur barnsins er einnig metinn í tengslum við hreyfingar þannig að hreyfingar barnsins halda áfram að vera mikilvægur þáttur í mati á líðan barnsins í fæðingunni.

### HLUSTUN HJARTSLÁTTAR

Þú hefur eflaust kynnst því að ljósmæður og lækningar hafa hlustað eftir hjartslætti barnsins í meðgönguvernd. Ástæðan er sú að breytingar á hjartslætti geta gefið til kynna frávík á heilbrigði barnsins. Þegar þú ert byrjuð í fæðingu er mjög mikilvægt að fylgjast með líðan þinni og barnsins. Til þess eru ýmsar leiðir og er hlustun hjartsláttar barns ein af þeim. **Í þessum bæklingi er sagt frá mismunandi leiðum til að meta líðan barns í fæðingu og hvenær mælt er með að nota hverja aðferð.**

## Ljósmæður taka vel á móti þér!

### HLÉHLUSTUN MEÐ HLUSTPÍPU EÐA HLUSTUNARTÆKI

Þá er hlustað eftir hjartslætti barnsins í eina mínútu eftir hríð á u.þ.b. 15 mínútna fresti á fyrsta stigi fæðingar (útvíkkunartímabilinu) og svo á 5 mínútna fresti á öðru stiginu (rembingstímabilinu). Til að vera viss um að það sé hjartsláttur barnsins sem heyrir, en ekki þinn eigin, verður púlsinn einnig talinn hjá þér á sama tíma. Það er mikilvægt að greina þar á milli svo að frávík í hjartslætti barnsins greinist sem fyrst. Til eru vatnsheld hlustunartæki sem hægt er að nota til að fylgjast með hjartslættinum ef þú ert í baði.

Ef grunur vaknar um vandamál í tengslum við heilsu þína eða barnsins er mögulegt að ljósmóðir eða lækni ráðleggi að hlustað verði eftir hjartslætti barnsins með sírita.



### NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNA

Þegar hlustun hjartsláttar með sírita kom til sögunnar á árunum 1970 - 1980 var álitnið að aðgangur að nákvæmari upplýsingum um hjartslátt barnsins myndi leiða til aukins öryggis fæðinga. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á betri útkomu barna með notkun sírita í fæðingu.

Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að hlustun öðru hverju (hléhlustun) í fæðingu sé öruggur valkostur við mat á líðan barns í fæðingu ef móðirin er heilbrigð og á eðlilega meðgöngu að baki. Óviðeigandi notkun eða ofnotkun á sírita (þó það sé í stuttan tíma) getur tengst aukinni tíðni keisaraskurða.

### BLÓÐPRUFA FRÁ BARNINU

Ef upp koma áhyggjur af líðan barnsins meðan á fæðingu stendur er stundum tekin blóðprufa frá barninu til að meta líðan þess með meiri nákvæmni. Þá er tekið lítið blóðsýni úr hvirfli eða sitjanda barnsins til að mæla súrefnismagn og sýrustig (pH) í blóði þess. Til að taka sýnið þarf að gera innri skoðun hjá þér og rjúfa belgi (legvatnið þarf að vera farið). Stundum nægir að taka blóðsýnið einu sinni en það gæti þurft að endurtaka það með reglulegu millibili ef frávík í hjartslætti barnsins eru viðvarandi.

### HVERS VEGNA ER FYLGST MEÐ HJARTSLÆTTI BARNIS Í FÆÐINGU?

Þegar þú byrjar í fæðingu koma reglulegir samdrættir í legið sem nefnast hríðir. Í hverri hríð dregur aðeins úr súrefnisflæði til barnsins tímabundið en það lagast um leið og hríðin er búin. Þú getur jafnvel heyrt hvernig hjartslátturinn hægir á sér í hríð en síðan fer hann aftur í eðlilegan hraða þegar hríðin er búin. Þetta er eðlilegt. Flest börn fara í gegnum fæðinguna án nokkurra vandamála.

Hins vegar ef fæðingin er langdregin, hríðirnar eru sérlega sterkar eða sérstakar áhyggjur eru af líðan barnsins þá geta hríðirnar haft þau áhrif að barnið fái of lítið súrefni. Það getur valdið breytingum á hjartslætti barnsins, þess vegna er mikilvægt að fylgjast reglulega með honum í fæðingunni.

### HVERNIG ER HÆGT AÐ FYLGJAST MEÐ HJARTSLÆTTI BARNIS Í FÆÐINGU?

Til eru mismunandi aðferðir til að fylgjast með hjartslætti barnsins. Sú aðferð sem þú þekkir líklega best úr meðgönguverndinni er tímabundin hlustun með litlu hlustunartæki sem notar hljóðbylgjur. Einnig er hægt að hlusta eftir hjartslætti með hlustunarpípu ljósmóður. Ef fylgjast þarf nánar með hjartslættinum er hægt að nota svokallaðan sírita (monitor) en þá er fylgst stöðugt með hjartsláttarmynstri barnsins og tíðni samdráttu.

BÆKLINGARÖÐ

LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS®